

Greinargerð með tillögu Hilmars Sigurðssonar, sem lögð var fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 1. júní 2015.

Greinargerð:

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi til Alþingis er ljóst að vegið er þar gróflega að skipulagsvaldi Reykjavíkurborgar og að flutningsmenn tillögunnar ganga gegn viðteknum hugmyndum um forræði sveitarfélaga á eigin skipulagsmálum.

Atkvæði hvers borgarbúa er þegar um þriðjung minna virði en íbúa utan höfuðborgarsvæðisins og ljóst er að í krafti þess er verið að leggja til að þröngva í gegn breytingu sem ekki fengist samþykkt ef atkvæði á Íslandi væru jöfn, óháð búsetu. Það eru eðlileg og sjálfsögð mannréttindi að hvert atkvæði á Íslandi sé jafnt og að hver og ein manneskja á kosningaldri hafi jafnt atkvæði.

Í ljósi framkomins lagafrumvarps á Alþingi er rétt að kanna hug borgarbúa til að stofna sjálfstætt borgríki og segja sig úr lögum við ríkið Ísland. Reykjavík hefur alla burði til að standa sig vel sem sjálfstætt borgríki og til staðar eru nær allir innviðir til að slík breyting gæti gengið hratt og örugglega fyrir sig.